



Fundargerð aðalfundar MS félagsins 2017

Aðalfundur félagsins haldinn þann 11. maí 2017 kl. 17:00 að Sléttuvegi 5.

Fundinn sátu 25 félagsmenn.

Fundarstjóri var Steinunn Þóra Árnadóttir og fundarritari var Helga Kolbeinsdóttir

Dagskrá:

Nýr heiðursfélagi:

Áður en hefðbundin aðalfundardagskrá hófst tilkynnti Berglind Guðmundsdóttir, formaður, val á nýjum heiðursfélagi MS- félagsins. Elín Herdís Þorkelsdóttir, starfsmaður Setursins, kom inn í stjórn félagsins sem gjaldkeri árið 1983 og sá að mestu um fjármál félagsins til ársins 2007, eða hátt í aldarfjórðung, en í gegnum árin hefur MS-félagið títt fengið að njóta starfskrafta hennar, hvort sem er við að pakka/selja jólakort, eða önnur störf sem til falla. Berglind þakkaði Elínu fyrir vel unnin störf til fjölda ára og afhenti henni blómvönd og gjöf frá félaginu.

1. Skýrsla stjórnar:

Berglind Guðmundsdóttir, formaður, las skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir því helsta í starfsemi félagsins á árinu. Grunnstoðir í þjónustu eru þær sömu og áður þ.e. námskeið, félagsráðgjöf, útgáfa Meginstoðar og þjónusta MS setursins. Námskeið voru haldin fyrir nýgreint MS-fólk, einnig stóð félagsmönnum til boða námskeið í yoga, styrk- og jafnvægisþjálfun og reiðnámskeið. Fræðslufundir voru haldnir á Akureyri í október fyrir fagaðila, annars vegar, og MS-fólk og aðstandendur, hins vegar, og voru þeir vel sóttir.

Facebook og kaffihópur hefur verið stofnaður fyrir ungt fólk, auk ungmennaráðs sem heldur utanum starfið. Ný heimasíða er komin í gagnið, sem er gjöf frá Stefnu. Félagið hefur lagt

áherslu á að kynna lyfjamál á heimasíðu og facebook síðu félagsins. Í vor gefur félagið út 6 nýja fræðslubæklinga, en Bergþóra vann efni bæklinganna í samvinnu við Hauk taugalækni.

Auk félagagjalda sem eru 2500 á ári, eru aðrir tekjustofnar frjáls framlög, styrkur frá ÖBÍ, Reykjavíkummaráþon, osfrv. Hjálparhönd Íslandsbanka lagði félaginu lið, pakkaði jólakortum og hreinsaði lóðina okkar.

Félagið er virkt í norrænu samstarfi, Ísland hefur gegnt formennsku í norræna MS ráðinu (NMSR) frá því í júlí í fyrra, en Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður MS-félagsins, er formaður og Helga Kolbeinsdóttir ritari ráðsins. Samstarfið er mikilvægt, auk stuðnings sem við fáum frá ráðinu til uppbyggingar félagsins, fáum við einnig upplýsingar um lyf og meðferðir á Norðulöndunum.

Alþjóðadagur MS verður haldinn hátíðlegur í áttunda sinn núna í lok maí, þema dagsins er „lifað með MS“.

2. Endurskoðaður ársreikningur:

Ingveldur Jónsdóttir, gjaldkeri, kynnti ársreikning 2016.

Félagið er rekið með ágætum hagnaði, fjáröflun hefur gengið prýðilega. Framlög rekstrar eru 6.3 milljónir, með vaxtatekjum er það 8.3. Bókhaldslegur hagnaður um 4 milljónir. Endurskoðandi vildi þó lækka verðgildi hússins um 2% sem lækkar hagnað töluvert.

Laun hækkuðu töluvert á milli ára, launavísitala hefur hækkað auk þess sem Helga kom inn sem nýr starfsmaður árið 2016.

Við fengum 7.2 millljónir í styrk á árinu, stærsta upphæðin kemur frá ÖBÍ. Jólakortin seldust mjög vel og það er ljóst að við njótum mikils velvilja í samfélaginu. Á jólakortunum voru myndir eftir Eddu, sem dó á árinu og jók það sölu kortanna. Við eigum mynd frá henni sem verður notuð í ár.

Við fengum umtalsverðar tekjur úr kvöldsöfnun og Meginstoð. En það kostaði töluverða peninga að afla þessara tekna. Kostnaður við kvöldsöfnun var um 5 milljónir og Meginstoð um 3 milljónir.

Umræður:

Heiða spurði hvað við gerum við styrk sem við fengum frá Norrænu ráði MS félagana. Gjaldkeri svaraði því að hann væri undir verktakagreiðslum, en svar hennar var byggt á misskilningi, þar sem styrkurinn sem Heiða vísaði til er hefur ekki verið greiddur félaginu ennþá og því ekki kominn inn í bókhaldið.

Skýrsla og ársreikningur voru samþykkt samhljóða.

3. Upphæð árgjalds:

Tillaga stjórnar um óbreytt árgjald, kr. 2500, var samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar:

Það bárust engar lagabreytingartillögur til stjórnar.

5. Kosning stjórnar:

Formaður

Stjórn hefur borist eitt framboð til formanns, Björg Ásta Þórðardóttir, varamaður í stjórn sendi inn framboð sitt. Björg Ástu var boðið af fundarstjóra að koma fram og kynna sig. Björg Ásta hefur verið í stjórn félagsins í 4 ár og starfar sem lögfræðingur, hún greindist með MS árið 2009 og stundaði þá knattspyrnu. Í kynningarræðu sinni greindi Björg Ásta frá helstu áherslum sínum sem nýr formaður. Um leið og hún vill halda áfram því góði verki sem Berglind hefur unnið, vill hún leggja áherslu á að bæta þjónustu félagsins við unga fólkið og þann hóp sem ekki sækir þjónustu Setursins, t.d. með því að nýta húsnæðið betur.

Þar sem ekki bárust fleiri framboð til stjórnar telst Björg Ásta sjálfkjörin formaður félagsins.

Aðalstjórn

Ólína Ólafsdóttir og Gunnar Felix Rúnarsson buðu sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Þeim var gefið færi á kynna sig, Gunnar var ekki til staðar en Ólína sagði nokkur orð, og lýsti yfir ánægju sinni með grósku í starfi félagsins og þá sérstaklega hjá unga fólkinu.

Þar sem ekki bárust fleiri framboð svo þau teljast sjálfkjörin.

Varamaður

Eva Þorfinnsdóttir hefur gefið kost á sér í varastjórn, hún var ekki til staðar en Lára greindi frá því að Eva er í ungmennaráði.

Ekki bárust fleiri framboð svo Eva telst sjálfkjörin.

Heiða Björg Hilmisdóttir og Ingveldur Jónsdóttir sitja áfram.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga:

Margrét Flóvenz, löggiltur endurskoðandi KPGM, og Valdimar Leó Friðriksson gegna þessum störfum áfram.

7. Kosning þriggja fulltrúa á Aðalfund ÖBÍ

Aðalmenn:

Félagið tilnefnir Garðar Sverrisson, Ingveldi Jónsdóttir og Sigurbjörg Ármannsdóttir.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Varamenn

Félagið tilnefnir Berglindi Guðmundsdóttur, Bergþóru Bergsdóttur og Ólínu Ólafsdóttur.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning nefnda :

Laganefnd:

Helgi Seljan gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í laganefnd og eru honum þökkuð vel unnin störf. Ingveldur Jónsdóttir gefur kost á sér í hans stað. Karl Steinar Guðnason og Sigríður Jóhannesdóttir sitja áfram.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ritnefnd:

Páll Kristinn Pálsson er ritstjóri. Aðrir í ritnefnd eru: Berglind Guðmundsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir, Sigurbjörg Ármannsdóttir og Dagbjört Anna Gunnarsdóttir (Akureyri).

Fræðslunefnd:

Fundarstjóri bauð Berglindi að koma fram. Berglind greindi frá því að Fræðslunefnd, sem áður hét fræðslu og fundanefnd, heiti núna bara fræðslunefnd. Til viðbótar verði stofnuð viðburðarnefnd, sem væri öllum opin og fólk gæti gefið kost á sér í eftir því hvað hver hefur tök á að gera hverju sinni.

Tillaga stjórnar um fræðslunefnd: Berglind Guðmundsdóttir, Sigurbjörg Ármannsdóttir og Bergþóra Bergsdóttir.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Viðburðarnefnd.

Tillaga stjórnar um Ólínu Ólafsdóttur, Berglindi Björgúlfsdóttir, Helgu Káradóttur og Vigdís Ingólfssdóttir. Þessi nefnd er opin og fólk hefur alltaf möguleika á að gefa kost á sér.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Aðrir félagsmenn sem hafa áhuga voru jafnframt hvattir til að gefa sig fram við nefndir félagsins og bjóða fram störf sín.

9. Önnur mál :

Berglind tók máls og þakkaði Björg Ástu fyrir framboð sitt og óskaði henni og nýrri stjórn velferð. Berglind sagði frá reynslu sinni af því að sitja í stjórn félagsins í 8 ár. Hún þakkaði öllu samstarfsfólki og þá sérstaklega Ingdísi Líndal fyrir vel unnin störf.

Sigurbjörg Ármannsdóttir tók svo orðið og þakkaði Berglindi sérstaklega fyrir vel unnin störf hjá félaginu. Eins bauð hún Björg Ástu velkomna sem nýjan formann félagsins.

Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður, færði Berglindi blómvönd og skúlptúr frá stjórn og starfsfólki MS-félagsins, um leið og hún þakkaði henni gott samstarf og ómetanlegan stuðning gegnum árin..

Lokaorð:

Fundarstjóri bað Björg Ástu, nýkjörinn formann að loka fundinum formlega. Hún þakkaði fyrir traustið og þakkaði jafnframt fráfarandi formanni fyrir sitt góða starf. Nýkjörinn formaður sleit svo fundi með því að bjóða fólki að fá sér kaffi og veitingar.

Fundi slitið kl. 18:20